



BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

Kynjafræði og kynfræðsla - yngsta stig

Aðalnámskrá grunnskóla byggir á sex grunnþáttum í íslenskri menntun sem á að vera leiðarljós í öllu skólastarfi. Einn þessara grunnþátta er jafnrétti og eru ákvæði jafnréttislaga höfð þar að leiðarljósi. Talað er um að jafnréttisfræðsla skuli fara fram á öllum skólastigum og birtast í inntaki kennslu, aðferðum og umhverfi. Undir jafnréttismenntun má nefna nám um þjóðerni, menningu, tungumál, lífsskoðanir, kyn og kynhneigð. Athygli er vakin á nýjum fræðigreinum, kynjafræði og hinsegin fræðum, sem gott væri að nýta í jafnréttis-menntunina.

Markmið

sem lögð eru til grundvallar eru þverskurður námsgreinar, s.s. skólaíþróttum, samfélagsgreinum og náttúrugreinum;

- ✓ unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa leikjum.
- ✓ gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.
- ✓ útskýrt líkamlegan mun á kynjum.
- ✓ borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- ✓ gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.
- ✓ áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- ✓ rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- ✓ útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans.

Námsefni

Kennsla fer að mestu leyti fram í umræðum og léttum verkefnum

- ✓ Halló heimur, 1, 2 og 3
- ✓ Ég og sjálfsmyndin
- ✓ Kyn, kynlíf og allt hitt
- ✓ Komdu og skoðaðu
- ✓ Verkefni, myndbönd og fleira á netinu

Námsmat

- ✓ Símat
- ✓ leiðsagnarmat